

SAMNINGUR
Ríkisúttvarpið (RÚV) og Félag íslenskra leikara (FÍL)
hafa komið sér saman um eftirfarandi kjarasamning um
leikritaflutning i Úttvarpi.

1. UM KAUPGREIÐSLUR

1.1. Launagreiðslur i úttvarpsleikritum

1.1.1. Greitt skal fyrir hlutverk skv. grunnjald og gjald fyrir hverja línu. Hlutverk skiptast i flokka og hægt er að boða leikara til æfinga og upptöku (viðveru) samkvæmt viðkomandi flokki sem her segir:

1.1.2.

Línur	Viðvera	Grunnjald	Pr. línu
1 -50	12. klst.	20.000 krónur	120 krónur
51-150	18 „	20.000 „	120 „
151 -300	24 „	25.000 „	120 „
301 – 500	30 „	25.000 „	100 „
500- .	35 „	30.000 „	100 „

1.1.3 Fari viðvera leikara fram yfir hámark skv. viðeigandi flokki skal greitt tímakaup kr.1.581 pr. klukkustund. Hver byrjaður dagur telst lágmark 3 klst.

1.1.4. Heimilt er að flytja hlutverk upp um flokk ef það er talið útheimta sérstaklega mikla vinnu. Einnig skal heimilt að hækka gjald pr. línu fyrir sérlega viðamikil hlutverk.

1.1.5. Á öll laun skv. samningi þessum skal greiða álag þegar aldur og aðild listamanna að FÍL hefur náð samtals:

35 árum – 5%
45 árum – 10%
60 árum – 15%
75 árum – 20%

Álagsgreiðslur þessar skulu gilda fra 1. júlí á því ári sem ofangreindum árafjöldi er náð.

1.1.6. Hver hljóðvarpslína telst 60 stafabil. Byrjuð lína telst full lína.

1.1.7. Fyrir leiklestur og þátttöku í fléttu- og heimildarþáttum skal greiða:

Línur	Viðvera	Grunngjald	Pr. línu
1-100	8 klst.	10.000 kronur	100 kronur
101-300	12 “	15.000 “	100 “
301-500	18 “	20.000 “	50 “
500- .	20 “	25.000 “	50 “

1.2. Upplestur

1.2.1. Fyrir upplestur skal aldrei greiða lægri upphæð en hér segir:

1.2.2. Fyrir lestur í óbundnu máli:

Fyrir lestur: að 10 mín. skal greiða kr. 5.500

að 20 mín. skal greiða kr. 7.700

að 30 mín. skal greiða kr. 9.900

Hver hafin mín eftir það kr. 200

1.2.3. Um lestur á framhaldssögum skal samið sérstaklega, þó ekki um minna en hér segir:

Að 15 mín kr. 5.000

Að 20mín kr. 6.000

(Hver byrjud mínúta eftir það, upp að 60 mín, skal greidd með kr. 150 og hver byrjuð/ mínúta eftir 60 skal greidd með kr. 115.

1.2.4. Fyrir lestur í bundnu máli:

Fyrir lestur að 10 mín. skal greiða kr. 8.800 og eftir það skal greiða eigi lægra en kr. 400 fyrir hverja byrjaða flutningsmínútu.

1.2.5. Lesi leikari sex ljóð eða fleiri og verði flutningi þeirra dreift á jafnmarga daga og ljóðin eru mörg er heimilt að líta á það sem einn lestur og greiða það með tvöföldum taxta skv. 1.2.4.

1.3 Skemmtipættir

1.3.1. Fyrir þátttöku í skemmtipáttum skal greiða í samræmi við gjaldskrá fyrir útvarpsleikrit.

1.4. Annað

1.4.1 Samningur þessi á við listræna þátttöku félaga í FIL, en ekki um þátttöku í umræðum, spurningaþáttum, viðtölum eða öðrum slíkum dagskrám.

Fyrir beina útsendingu og/eða ef upptaka fer fram að viðstöddum áheyrendum skal greiða 25% álag. Ekki er greitt aukalega fyrir viðveru um helgar og um nætur enda sé slíkt háð samþykki leikara.

2 RÉTTINDI OG SKYLDUR

2.1 Viðvera og fl.

2.1.1. Leikari á rétt á að fá afhent handrit með góðum fyrirvara fyrir fyrstu æfingu og ber honum að hafa lesið handritið rækilega yfir áður en æfingar hefjast.

Leikari skal mæta stundvíslega og honum er óheimilt að víkja af æfingu/upptöku án leyfis leikstjóra. Halda skal nákvæma æfingaskrá.

3. FLUTNINGUR A LEIKSÝNINGUM OG BROTUM UR LEIKVERKUM

3.1. Leiksýningar

3.1.1. Se heilli leiksýningu eða öðrum listflutningi, eða hluta slíkrar sýningar, sem ekki er undirbúinn af Ríkisútvarpinu, hljóðvarpað beint eða eftir upptöku, skal gerður um það sérstakur samningur hverju sinni á milli aðila þessa samnings.

3.2. Brot úr leikritum af leiksviði

3.2.1. Hluta úr sýningum í leikhúsum eða öðrum listflutningi má að því er tekur til meðlima FIL hljóðvarpa í kynningarskyni að fengnu samþykki leikhusstjórnar viðkomandi leikhúss, enda sé útsendingartími eigi lengri en 15 mínútur, og fyrir útsendingu séu greiddar kr. 1.926 til FIL fyrir hverja byrjaða flutningsmínútu.

3.3. Brot ur leikritum i upptöku hljóðvarps

3.3.1 Ríkisútvarpinu er heimilt að flytja í hljóðvarpi brot eða kafla úr verkum, sem varðveitt eru í upptöku, í samfelldum dagskrám eða öðrum dagskrárliðum, sem ekki falla undir önnur ákvæði samnings þessa. Hámarkstími slíkra kafla skal vera 12 mín. Ef Ríkisútvarpið óskar eftir lengri tíma, af sérstöku tilefni skal samið um það sérstaklega. Fyrir slíka notkun skal greiða kr. 5.690 fyrir hverja byrjaða mínútu enda séu slík brot eða kaflar ekki birtir á þann hátt, eða í því samhengi, að listamannsheiður viðkomandi sé skertur.

3.3.2 Sé um að ræða bókmenntalega umfjöllun í tilefni afmælis og svipaðra tilefna eða annars, sem nánast máá telja tilvitnun í fræðilegum eða listrænum tilgangi skal greiða kr. 2.843 fyrir hverja byrjaða mínútu. Samanlagður tími skal þó ekki fara fram yfir 5 mínútur.

3.3.3. Þessar greiðslur renna í Styrktarsjóð FIL.

3.4. Brot af hljómplötum

3.4.1. Meðan samningur þessi er í gildi, er þið heitið, að í hljóðvarpi skuli ekki flutt af markaðshljóðritum heil leikrit í flutningi félaga FIL nema að fengnu samþykki stjórnar FIL. Hins vegar áskilur Ríkisútvarpið sér rétt til að flytja allt að 20 mínútna kafla úr slíkum hljóðritum.

4. FLUTNINGUR

4.1. Flutningur, endurflutningur

4.1.1 Greiðslur þær fyrir listflutning til leikara eða Félags íslenskra leikara, sem samningur þessi kveður á um, veita Ríkisútvarpinu rétt til einnar útsendingar, hvort heldur sú útsending fer fram beint eða eftir upptöku.

4.1.2 Sé leikrit endurflutt innan 8 daga frá fyrsta flutningi greiðast 12% af launum leikara.

4.1.3 Útvarpinu eru heimilar þrjár útsendingar af hverri upptöku innan þriggja ára frá fyrsta flutningi og greiðast þá hverjum leikara 15% af fyrstu greiðslu fyrir hverja útsendingu. Eftir þrjú ár frá frumflutningi greiðast 30% fyrir hverja útsendingu.

4.1.4 Gjaldskylda fellur niður þegar 50 ár eru liðin frá frumflutningi.

4.1.5 Útvarpinu er heimilt að hafa upptökur leikrita aðgengilegar á vef sínum í allt að mánuð frá fyrsta útsendingardegi og hverri endurtekningu eftir það án þess að til komi sérstakt gjald. Notaður skal „straumur“ við netmiðlunina, eða hver sú tækni önnur sem best þykir hverju sinni til að tryggja það að ekki sé hægt að hlaða efninu niður.

4.1.6 Útvarpinu er heimilt að gefa út upptekið efni (leikrit) á geisladiskum eða hljóðsnældum. Fyrir slíka útgáfu greiðir Útvarpið leikurum af hverju seldu eintaki í réttu hlutfalli við upprunalegt hundraðshlutfall sem laun þeirra voru af heildarlaunum listamanna við frumflutning verksins. Útvarpið hefur þó rétt til að gefa allt að 50 eintök til listamanna og viðskiptavina án þess að sérstök greiðsla komi fyrir.

4.1.7 Af útsöluverði fyrstu þrjúhundruð seldra eintaka (að frádregnum virðisaukaskatti og 33.3% smásölualagningu) skiptast 10% á milli höfunda og flytjenda í sömu hlutföllum og laun þeirra voru af heildarlaunum vegna frumflutnings. Frá og með þrjúhundruðasta og fyrsta eintakinu hækkar þessi hlutur listamanna úr 10% í 20%.

4.1.8 Vegna allra þeirra leikara sem eiga hver um sig innan við 5% af heildarrétti listamanna greiðir Útvarpið sameiginlegan hlut þeirra til Leiklistarsjóðs Þorsteins Ö. Stephensen. Uppgjör á greiðslum skal liggja fyrir eigi síðar en ári frá útgáfu og árlega eftir það. Greiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en mánuði eftir uppgjör.

5. KYNNING

5.1. Kynning listamanna

5.1.1. Við útsendingu dagskrár sem fjallað er um í samningi þessum skal getið nafns hvers listamanns sem tekur þátt í henni nema sérstakar ástæður hindri. Í slíkum tilvikum skal listamanni skýrt frá þessu með hæfilegum fyrirvara fyrir fyrstu útsendingu.

6 ORLOF, VÍSITALA, LÍFEYRISSJÓÐUR, O.FL.

6.1. Orlof

6.1.1 Ofan á allt það kaup sem um ræðir í samningi þessum greiðir Ríkisutvarpið orlof samkvæmt landslögum, undanskilið er kaup fyrir endurflutning.

6.1.2 Ofan á allar greiðslur til listamanna skv. samningi þessum greiðir RÚV 1% í sjúkrasjóð FIL og 0,25% í orlofssjóð félagsins.

6.2. Lífeyrissjóður

6.2.1 Í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda skal RUV greiða 6% iðgjald á móti 4% iðgjaldi listamanna og ber RÚV að standa skil á iðgjaldagreiðslum skv. reglugerð sjóðsins.

7. MENNINGARSJÓÐUR

7.1. Greiðsla í menningarsjóð FIL

7.1.1. Ríkisutvarpið – hljóðvarp greiðir árlega meðan samningur þessi er í gildi kr. 300.000 í menningarsjóð (utanfarasjóð) FIL.

8. SAMSTARFSNEFND

8.1. Samstarfsnefnd

8.1.1 Aðilar að samningi þessum skulu tilnefna hvor um sig tvo menn í samstarfsnefnd til að fjalla um og jafna ágreining sem upp kann að koma við framkvæmd eða túlkun samningsins. Nefndin skal koma saman innan tveggja vikna frá því að annar hvor aðili óskar þess.

9. GILDISTÍMI

9.1 Gildistími

9.1.1 Samningurinn gildir í tvö ár frá undirskriftardegi. Eftir það er samningurinn uppsegjanlegur með mánaða fyrirvara. Hafi hvorugur aðili sagt samningnum upp framlengist hann um eitt ár í senn.

9.1.2 Þann 1. janúar 2005 skulu allar upphæðir skv. samningi þessum hækka um 3%.
Reykjavík, 26. mars 2004